

Nd.

439. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Flm.: Thor Thors.

1. gr.

1. málsgr. 48. gr. laganna orðist svo:

Tryggingarskyldur er sérhver islenskur ríkisborgari, heimilisfastur hér á landi eða lögskráður á islenskt skip, nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum þessum. Tryggingarskyldan hefst með fullnuðum 16 ára aldri og lýkur með fullnuðum 60 ára aldri.

2. gr.

1. málsgr. 51. gr. laganna orðist svo:

Greiðslur ellilífeyris hefjast þegar hinn tryggði verður 60 ára.

3. gr.

1. másl. 3. málsgr. 79. gr. laganna orðist svo:

Tryggingarstofnunin leggur til grundvallar síðustu skýrslur um tölu gamalmenna yfir 60 ára á öllu landinu.

4. gr.

1. málsgr. 80. gr. laganna orðist svo:

Sveitar- og bæjarstjórnir auglýsa árlega í septembermánuði, að fram fari úthlutun á ellilaunum í umdæmum þeirra til 60 ára gamalla manna og eldri, og örorkubótum til þeirra, sem yngri eru.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Áður en lögin um alþýðutryggingar öðluðust gildi áttu fátæk gamalmenni, sem náð höfðu 60 ára aldri, rétt til nokkurs ellistyrks, enda voru þau eigi gjaldskyld til ellistyrktarsjóðanna. Lögin um alþýðutryggingar leggja gjaldskyldu til lífeyrissjóðs á gamalmenni frá 60—67 ára aldurs og svipta þau ellieyri fram til 67 ára aldurs. Hin nýja löggjöf er því að þessu leyti afturhald, og þykir nauðsynlegt að breyta henni nú þegar, til að tryggja og bæta hlutskipti gamla fólksins.